

09.12.2015

Umsókn um styrk til Landbótasjóðs Landgræðslu ríkisins

Umsækjandi: Bæjarsjóður Garðabæjar / umhverfisnefnd



Umhverfi Kasthúsatjarnar: Göngu- og reiðleið er milli fjörुकambs og Kasthúsatjarnar sem sést til hægri á myndinni

Samantekt vegna umsóknar

Tjörnin og friðlandið

Kasthúsatjörn er rúmlega eins og hálf hektara tjörn á norðvestanverðu Álftanesi. Hún er rétt innan við fjörुकambinn og frá henni liggur votlendi til suðausturs í Bessastaðatjörn. Umhverfi tjarnarinnar er talsvert raskað en engu að síður er hún lífrík og þekkt fyrir mikið og fjölbreytt fuglalíf. Vatlendið austan tjarnarinnar hefur verið ræst fram með skurðum og tengjast þeir í Bessastaðatjörn við Breiðaskurð. Hluti framræsta svæðisins eru gömul tún sem þó eru ekki nýttjuð lengur nema til beitar.

Stærstur hluti Kasthúsatjarnar og fjaran norðan hennar til suðvesturs voru friðlýst sem fólkvangur samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum, B.663 frá 5. júlí 2002. Í friðlýsingunni segir að markmið hennar sé að vernda tjörnina og fjölskrúðugt fuglalíf hennar og lífríki.

Í deiliskipulagi, sem samþykkt var af sveitastjórn Bessastaðahrepps 13. október 1998 og unnið

var af Hornsteinum arkitektum, er gert ráð fyrir að votlendi milli Kasthúsatjarnar og Bessastaðatjarnar verði endurheimt og skipulagt sem friðland og útivistarsvæði.

Breytingar sem orðið hafa á votlendinu við Kasthúsatjörn er ítarlega lýst í greinargerð VST sem er fylgiskjal umsóknar (fylgiskjal 1).

Verkefnislýsing

Garðabær vill stuðla að endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn og umhverfi hennar á Álftanesi. Endurheimt og verndun gróðursamfélaga og votlendisins í nágrenni Kasthúsatjarnar er talin mikilvæg aðgerð til að viðhalda fjölbreyttu náttúrufari í sveitarfélaginu. Röskun votlendisins hefur átt sér stað í áföngum frá því fyrir miðja síðustu öld og sumar af breytingunum eru að öllum líkindum óafturkræfar. Svæðið býður upp á marga möguleika til endurheimtar, allt frá því að stífla skurði sem myndi hækka vatnsborð Kasthúsatjarnarinnar og bleyta upp í framræstu landinu, upp í að hanna og byggja upp votlendi með það í huga að auka sem mest fjölbreytni gróðurs og dýralífs. Með það að markmiði er stefnt að ákveðnum aðgerðum en í undirbúningi þeirra hefur farið fram fagleg undirbúningsvinna með aðkomu sérfræðinga á ýmsum sviðum er tengjast slíkri endurheimt.

VST vann ítarlega greinargerð um votlendið við Kasthúsatjörn (fylgiskjal 1) með tillögum að framkvæmd endurheimtar. Gert er ráð fyrir að þeim tillögum verði fylgt eins og kostur er.

Verkefnið miðar að því að endurheimta vatnsbúskap með eftirfarandi aðgerðum:

1. Mælingar á vatnsbúskap svæðisins.
2. Hækkun vatnsstöðu með aðgerðum s.s. með fyllingu í skurði og stíflun vatnsrása eða lokubúnaði.
3. Endurheimt gróðurs, náttúruleg (vegna breytinga á vatnsbúskap), sáning eða flutningur tegunda, vöktun framandi og ágengra plantna.
4. Landmótun, endursköpun þúfna, polla og grunnra tjarna í þágu fugla, smádýra og gróðurs.
5. Vöktun og rannsóknir á framvindu endurheimtar votlendis.

Ávinningur

Þekking á umræddu svæði er mikil enda hefur í gegnum árin verið lagður metnaður í að fá sérfræðinga til vöktunar og rannsókna á m.a. á fuglalífi við Kasthúsatjörnina. Fyrirliggjandi gögn s.s. fuglatalningar munu ásamt fleiru nýtast til þess að meta árangur verkefnisins.

Almennt hefur endurheimt votlendis áhrif á hringrásir vatns og næringarefna á viðkomandi svæði og líffræðilegur fjölbreytileiki eykst. Votlendissvæði miðla vatni og viðhalda jöfnu rennsli

í lækjum og ám. Jurtir votlendis taka til sín mikið magn koltvísýrings úr andrúmslofti og binda í mólögum. Þannig hafa slík vistkerfi jákvæð áhrif á kolefnisbúskap. Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna. Með því að reyna að endurskapa þúfur, vatnsrásir og polla er ætlunin að skapa skjól fyrir fuglavarp, aukna fjölbreytni gróðurs og aðstæður fyrir smádýralíf.

Verkefnisumsjón

Verkefnið er alfarið í umsjón Tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar. Tækni- og umhverfissvið hefur umsjón með öllum verklegum framkvæmdum bæjarins, annast undirbúning framkvæmda, gerð kostnaðaráætlana og framkvæmdaefirlit. Undir sviðið heyra m.a. byggingarmál, skipulagsmál og umhverfismál. Undir sviðið heyra einnig þjónustumiðstöð bæjarins og garðyrkjudeild. Forstöðumaður er Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur.

Garðabær sér þannig um allar framkvæmdir, viðhald, umhirðu og vöktun friðlandsins við Kasthúsatjörn og leitar eftir sérfræðilekkingu eftir því sem við á m.a. hjá arkitektastofum, verkfræðistofum sem og stofnunum er málið varða eins og Náttúrufræðistofnun eða Umhverfisstofnun.

Gagnaöflun og vinnsla umsóknar er unnin í samstarfi við Eflu verkfræðistofu.



Kasthúsatjörn, votlendið til hægri

Skýrslur og heimildir um náttúrufar og friðlýsingar

Náttúra svæðisins, fuglalíf og saga er mjög fjölbreytt og aðstæður gera það að verkum að svæðið er aldrei einsleitt heldur margbreytilegt. Ýmsar skýrslur og heimildir eru fyrirbyggjandi svo sem:

- Rannsóknarskýrsla Fuglalíf á Álftanesi í fjörum, á grunnsævi, tjörnum og túnum árið 2014 höfundar Jóhann Óli Hilmarsson og Dr. Ólafur Einarsson.
- Náttúrufræðistofnun Íslands vann árið 2004 skýrslu um gróður og fuglalíf m.a. á umræddu svæði.
- Fornleifar, kortlagðar og hnitsettar fornleifar í sveitarfélaginu.
- Friðlýsingar, í landi sveitarfélagsins eru allmargar m.a. annars umhverfi Kasthúsatjarnar og fjaran.

Sjá nánar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is undir flípanum „umhverfi“.

Skipulag svæðisins

Í gildi er aðalskipulag 2005-2024 fyrir sveitarfélagið Álftanes. Sameining sveitarfélaganna Álftaness og Garðabæjar tók gildi 1. janúar 2013. Aðalskipulag Garðabæjar fyrir tímabilið 2016 - 2030 stendur nú yfir og verður fyrsta aðalskipulag hins sameinaða sveitarfélags Garðabæjar og Álftaness. Nýtt aðalskipulag mun leysa fyrri aðalskipulagsáætlanir úr gildi sem voru til fyrir bæði sveitarfélögin.

Aðalskipulagsupphrátt sveitarfélagsins Álftaness 2005-2024 má sjá í heild sinni á vefslóðinni:
http://eldri.alftaness.is/Files/Skra_0013621.pdf

Í gildi er einnig deiliskipulag fyrir Kasthúsatjörn og umhverfi frá 13 október 1998. Sjá upphrátt á bls 8 í meðfylgjandi greinargerð VST (fylgiskjal 1)



Aðalskipulag Álftaness 2005-2024 Skjálkort af nærsvæði Kasthúsatjarnar og friðlandi tjarnarinnar og aðliggjandi fjöru (sjá heildarkort á vefslóð hér til hliðar).

Tíma og verkáætlun

Verkefnið snýst um vinnu í viðkvæmu friðlandi og því þarf að meta aðstæður hverju sinni, hvenær ráðlegt er að fara í framkvæmdir, m.t.t. veðurfars, vatnsbúskap, flóru og fínu. Erfitt er að gera nákvæmar tímaáætlanir sökum þessa. Þó er gert ráð fyrir áfangaskiptingu eftir því sem fjárframlög leyfa. Styrkur frá Landgræðslu ríkisins úr Landbótasjóði yrði án efa til þess að flýta fyrir áðurnefndum framkvæmdum sem Bæjarsjóður Garðabæjar stendur fyrir. Gert er ráð fyrir að verk hefjist á vordögum 2016 (undirbúningur og mælingar) en ljúki vorið 2017 (árangur metinn og verkáætlun endurskoðuð).

Einnig hefur verið sótt um styrk til verkefnisins til Verkefnastyrkja hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, svar hefur ekki borist ennþá.

Stefnt er að því að framkvæma þær aðgerðir sem lýst er í ofangreindri verkefnislýsingu í þeirri röð sem þar er tilgreind. Tekið skal fram að röð aðgerða kann að breytast innbyrðis. Aðgerð 4 þ.e. landmótun er sá þáttur sem líklega er kostnaðarmestur og ljóst að ekki verður lagt út í það verk nema í áföngum, til margra ára jafnvel. Kostnaðaráætlun gerir því ráð fyrir byrjunaráfanga til reynslu og prófunar.

Kostnaðaráætlun og fjármögnun framkvæmda

Kostnaðarliður	magn	ein.	ein.verð	upphæð (m. vsk)
Undirbúningsvinna og mælingar	80	klst	15000	1.200.000
Aðgerðir til hækkunar vatnsstöðu	180	klst	15000	2.700.000
Endurheimt gróðurs	130	klst	15000	1.950.000
Landmótun, þrufusvæði	8000	m²	700	5.600.000
Vöktun og rannsóknir á framvindu	100	klst	15000	1.500.000

Heild m. vsk 12.950.000

Bæjarsjóður Garðabæjar stendur að fyrirhuguðum framkvæmdum. Sótt er um styrk til verkefnisins miðað við þær forsendur sem fjallað er um í samantekt þessari.

f.h. Garðabæjar,
Erla Bil Bjarnardóttir, umhverfisstjóri Garðabæjar